



# SKÝRSLA FRAMKVÆMDAHÓPS UM BÆTTA ÞJÓNUSTU VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRTÆKA LESTRARERFIÐLEIKA



Framkvæmdahópin skipuðu: Hrund Logadóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon, Skúli Sigurðsson og Þorgerður Diðriksdóttir

**MENNTASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR**  
**MAÍ 2008**



## Tillögur um bætta þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

Hér á eftir fara tillögur starfshópsins um úrbætur og bætta þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika. Tillögurnar eru í fjórum liðum:

### Leiðir til að auka þekkingu kennara á einkennum lesröskunar

Komið verði á námskeiðum, fræðslufundum fyrir kennara um:

- lesröskun
- áhrif lesröskunar á annað nám
- einkenni lesröskunar
- leiðir til að mæta nemendum með lesröskunar.

Hannaður verði af sérfræðingum gátlisti sem kennarar geta notað í daglegu starfi sínu til að skoða lestrargetu nemenda sinna á yngsta-, mið- og unglingastigi.

Gerður verði upplýsingabæklingur fyrir kennara og foreldra um lesröskun og hvernig helstu einkenni lesröskunar birtast.

### Leiðir til að auka þekkingu kennara á áhrifum lesröskunar á almennt nám

Komið verði á námskeiðum og fræðslufundum fyrir kennara og upplýsingarit gerð þar sem farið er í:

- tengsl slakrar frammistöðu í námi, hegðunar og undirliggjandi lesröskunar
- hvernig styrkja megi sjálfsmynd nemenda með lesröskun

Hannaður verði af sérfræðingum gátlisti sem kennarar geta notað til að kanna hvort erfiðleikar sem nemandi stríðir við í skóla geti átt rót sína í lesröskun.

### Menntasvið og grunnskólar marki sérstaka lestrarstefnu

Menntasvið marki sérstaka lestrarstefnu fyrir grunnskóla borgarinnar. Þar sé m.a. kveðið á um að:

- markvisst sé leitað að nemendum með lesröskun í öllum grunnskólum á yngsta-, mið- og unglingastigi.
- þegar grunur vaknar um lesröskun fari fram greining og áætlun gerð um viðbrögð.

Hver skóli marki lestrarstefnu í skólanámskrá sinni þar sem m.a. koma fram:

- áherslu fyrir yngsta-, mið- og unglingastig.
- stefna um leitun, kennslu og stuðning, ásamt
- ferli sem kennarar fylgja þegar upp koma einkenni lesröskunar hjá nemanda í námshópnum
- hvernig draga megi úr neikvæðum áhrifum lesröskunar á annað nám og námsmat t.d. með fjölbreyttum leiðum í prófatöku, skilum á verkefnum og aðgangi að hljóðefni.

### Námsefni fyrir nemendur með lesröskun

Menntasvið beini því til Námsgagnastofnunar að mörkuð verði skýr stefna í útgáfu fjölbreytts námsefnis í öllum námsgreinum fyrir nemendur með lesröskun.



## SKÝRSLA STARFSHÓPS UM LESRÖSKUN

<b>TILLÖGUR UM BÆTTA ÞJÓNUSTU VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRTÆKA LESTRERERFIDLEIKA .....</b>	<b>1</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>3</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>5</b>
Fjöldi nemenda með lesröskun og markviss leit að þeim .....	5
Greiningar á lesröskun .....	7
Aðstoð og úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika.....	9
Opnar spurningar – útdráttur .....	11
Svör skólastjórnenda .....	14
<b>NÁMSGÖGN .....</b>	<b>16</b>
<b>ÞJÓNUSTA SEM FORELDRAR EIGA TILKALL TIL.....</b>	<b>18</b>
<b>AÐGANGUR KENNARA AÐ NÁMSKEIÐUM .....</b>	<b>19</b>
<b>SAMANTEKT .....</b>	<b>20</b>
<b>FYLGISKJÖL .....</b>	<b>22</b>
<b>TÖFLUR</b>	
Tafla 1. Fjöldi nemenda með lesröskun .....	5
Tafla 2. Markviss leit .....	5
Tafla 3. Ábyrgð á leit .....	6
Tafla 4. Matstæki eða aðferð við leit.....	6
Tafla 5. Notkun samræmdra könnunarprófa og Læsis í leit.....	7
Tafla 6. Niðurstöður úr leitun kynntar foreldrum nemenda .....	7
Tafla 7. Fjöldi greininga á vegum skólans .....	7
Tafla 8. Hver gerir lestrargreiningar í skólanum? .....	8
Tafla 9. Hver gerir aðkeyptar lestrargreiningar? .....	8
Tafla 10. Lestrargreiningar að frumkvæði foreldra utan skólans.....	8
Tafla 11. Frumkvæði að lestrargreiningum nemenda .....	9
Tafla 12. Aðstoð við nemendur sem ekki hafa greiningu um lesröskun.....	9
Tafla 13. Úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika.....	9
Tafla 14. Námskeið fyrir kennara .....	15



## Inngangur

---

### Framkvæmdahópur – tildrög

---

Á 62. fundi menntaráðs, 1. okt. 2007, var lagt fram dreifibréf frá menntamálaráðuneytinu: Sérúrræði fyrir lesblinda nemendur á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk haustið 2007.

Fulltrúar Samfylkingar lögðu fram svohljóðandi tillögu:

„Menntaráð feli fræðslustjóra að skipa starfshóp sem skoði sérstaklega stöðu lesblindra barna/barna með lesröskun í grunnskólum Reykjavíkur. Starfshópurinn geri tillögur að markvissu átaki til að mæta þörfum þessara barna innan grunnskólanna.“

Afgreiðslu tillögunnar frestað.

Á 64. fundi menntaráðs, 5. nóv. 2007 lagði skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu fram minnisblað um börn með lesröskun og gerði grein fyrir málinu. Tillaga fulltrúa Samfylkingar, skv. 6. lið fundar menntaráðs frá 1. okt. 2007 var þá lögð fram að nýju:

„Óskað er eftir því við fræðslustjóra að hann stofni framkvæmdahóp um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika. Hópnum er ætlað að kanna hvernig staðið er að málefnum nemenda með sértæka lestrarerfiðleika í grunnskólum og koma með tillögur að bættri þjónustu. Hópurinn skal leita eftir ráðgjöf frá þeim aðilum á Íslandi sem hafa sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Í hópnum verði fulltrúar Menntasviðs, skólastjórnendur, kennarar og foreldrar. Hópurinn geri úttekt á hvernig þörfum nemenda með sértæka leserfiðleika er mætt og geri menntaráði grein fyrir niðurstöðunni á fundi í janúar 2008.“

Var tillagan svo breytt samþykkt.

Í nóvember 2007 var settur á fót framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika. Fulltrúar í hópnum voru Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, formaður, Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraeði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs, Sigbór Magnússon fulltrúi skólastjóra, Skúli Sigurðsson fulltrúi foreldra og Þorgerður Diðriksdóttir fulltrúi kennara.

### Framkvæmdahópur – hlutverk og helstu verkefni

---

Hópurinn starfaði samkvæmt erindisbréfi og átti starfstímabil hans að vera frá nóvember 2007 til janúar 2008. Strax og hópurinn kom saman var ljóst að lengri tíma tæki að vinna þau verkefni sem hópnum voru ætluð. Áætluð skil hópsins voru því í maí 2008.

Meginhlutverk framkvæmdahópsins var að kanna hvernig staðið er að málefnum nemenda með sértæka lestrarerfiðleika í grunnskólum og koma með tillögur að bættri þjónustu. Helstu verkefni skv. erindisbréfi voru:

- Að safna saman upplýsingum frá skólum borgarinnar um hvernig staðið er að málefnum barna með sértæka lestrarerfiðleika.
- Að vinna tillögur að bættri þjónustu út frá þeim niðurstöðum með tilliti námsefnis og aðgegnis að því. Einnig að skoða möguleika á því hvernig gera má rafrænt námsefni aðgengilegt fyrir lesblinda.
- Að kanna hvaða þjónustu foreldrar eiga tilkall til.

- Að kanna aðgang kennara að námskeiðum um kennsluaðferðir varðandi lesröskun

### **Framkvæmdahópur – starfshættir**

---

Fyrsti fundur hópsins var 12. desember og voru fundir hópsins alls 7. Gerðir voru tveir spurningalistar. Annar var fremur ítarlegur og ætlaður deildarstjórum/umsjónarmönnum sérkennslu. Markmið hans var að skoða fjölda nemenda með greininguna lesröskun, hvort og þá hvernig leitað væri að nemendum með lestrarerfiðleika í skólunum, fá ýmsar upplýsingar um lestrargreiningar og hvaða úrræði væru í boði í skólunum fyrir þessa nemendur.

Hinn spurningalistinn var til skólastjórnenda og var þar leitað eftir upplýsingum um aðgang starfsfólks að sérfræðingum í lestri, símenntun í lestrarfræðum og hvaða upplýsingar væru gefnar um úrræði vegna nemenda með lestrarerfiðleika í upplýsingaefni skólans.

Spurningalistinn til deildarstjóra sérkennslu í almennum grunnskólum var sendur út í fyrstu viku febrúar og svör bárust frá 35 skólum af 36. Spurningar til skólastjóra voru sendar í mars og svöruðu allir skólastjórar almennra grunnskóla í Reykjavík þeim.

## Niðurstöður

---

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum könnunar til deildarstjóra sérkennslu og skólastjóra. Fyrst eru niðurstöður um fjölda nemenda skoðaðar og leitun/skimun eftir nemendum með lestrarerfiðleika, næst umfjöllun um stöðu lesröskunargreininga í skólunum og svo úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika. Niðurstöður spurninga til skólastjóra koma þar á eftir og í lokin eru niðurstöður úr opnum spurningum.

### Fjöldi nemenda með lesröskun og markviss leit að þeim

---

Af þeim 35 skólum sem tóku þátt voru 25 heildstæðir grunnskólar, 7 með yngra stig og miðstig og þrír með unglíngastig. Deildarstjórar voru beðnir að greina frá fjölda þeirra nemenda, eftir kyni og aldri, sem hefðu greininguna lesröskun í þeirra skóla. Alls voru þetta um 1000 nemendur, um 40% stelpur og 60% strákar eins og sjá má í töflu 1; eða um það bil 7,3% af nemendafjölda þeirra grunnskóla sem tóku þátt.

**Tafla 1. Fjöldi nemenda með lesröskun**

	Stelpur	Strákar	Alls
Yngsta stig	79	99	178
Miðstig	150	202	352
Unglíngastig	171	300	471
<i>Alls</i>	400	601	1001
<i>Alls nem. í rvk:</i>	6801	6915	13.716
<i>Hlutfall</i>	5,9%	8,7%	7,3%

Ef fjöldinn er skoðaður eftir bekkjum og kyni má sjá að hlutfall stráka eykst töluvert eftir því sem ofar dregur, þeir eru 51% af heildarfjölda sem hefur greiningu á yngsta stigi, 57% á miðstigi og 64% á unglíngastigi.

Deildarstjórnir voru beðnir að meta hve margir nemendur til viðbótar væru líklega með lesröskun og voru það samtals um 500 nemendur. Sé þeim bætt við fjölda þeirra sem þegar hefur greiningu eru það um 1.500 nemendur sem eru um 10,9% af heildarnemendafjölda þessara skóla.

Í öllum skólunum nema einum var markvisst leitað að nemendum með lestrarerfiðleika. Sá skóli var einungis með unglíngastig.

**Tafla 2. Markviss leit**

	Tíðni	Hlutfall
Já	34	97%
Nei	1	3%
<i>Alls</i>	35	100%

Oftast báru deildarstjórar sérkennslu eða sérkennarar skólans ábyrgð á því að leit eftir nemendum með lestrarerfiðleika færi fram eins og sjá má í töflu 3. Svarendur máttu nefna fleiri en einn einstakling með þessa ábyrgð og því voru samtals 63 einstaklingar/hópar nefndir.

**Tafla 3. Ábyrgð á leit**

Starfsheiti	Tíðni
Deildarstjóri sérkennslu	20
Sérkennarar	21
Umsjónarkennarar	13
Umsjónarmaður námsvers	2
Kennarar	2
Skólastjórnendur	2
Foreldrar	1
Talmeinafræðingur	1
Námsráðgjafi	1
<i>Alls</i>	63

Þá var spurt hvaða matstæki, próf eða aðferð væri notuð við leitunina. Svarendur voru beðnir að greina það niður eftir árgöngum hvað notað væri. Niðurstöður má sjá í töflu 4 en mest áhersla á leit var í yngstu árgöngunum eins og búast mátti við. Hafa ber í huga að þetta var opin spurning og töldu svarendur sjálfir upp matstæki.

**Tafla 4. Matstæki eða aðferð við leit**

	Árgangur									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Ekkert nefnt <sup>1</sup>	2	3	6	3	4	2	10	15	8	26
Læsi	29	28	2							
Boehm	8									
Raddlestrarpróf	5	7	7	8	10	9	6	1		
Stafakannanir	7	3								
Teiknipróf Tove Krogh	5									
Hreyfiþroskapróf	2									
Skimun K.A.	1	5			2			6		
Hraðapróf	5	4	8	9	8	7	5	1		1
Told	2			1	1	1				
Volapyle/Bocme	1									
Lestrarkönnun R.L.		1	1							
Aston Index		5	10	8	7	6	6	1		
Stafsetningarpróf			2	3	2	3	4	1		
LH60			13	10						
Greiningar/einstaklingspróf			1	2	2	2	2			
Lesskilningspróf				4	5	7	5	3		
Íslenskupróf				1	1					
Samræmd próf				13			12			
LH40				1	11	6	1			
GRP 10					11	2	1	1		
Málfræðigreining							1	1		
GRP 14							1	2	12	
Próf úr Njarðvíkurskóla								1		

Í miklum meirihluta skólanna voru samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk notuð til að finna nemendur með lestrarerfiðleika. Í 8 skólum var það ekki gert, 6 heildstæðum grunnskólum, einum skóla með unglíngastig og einum með 1.-7. bekk. Auk þess vantaði svar úr einum

<sup>1</sup> Búið er að taka tillit til þess hvort viðkomandi skólar hafi þessa árganga í skólanum.

skóla. Lesskimunin Læsi sem lögð er fyrir í 2. bekk var notuð af öllum skólum sem höfðu yngra stig, þó vantaði svar úr einum skóla.

**Tafla 5. Notkun samræmdra könnunarprófa og Læsis í leit**

	Samræmd k.próf	Læsi í 2. bekk
Já	74%	97%
Nei	23%	0%
Svara ekki	3%	3%
<i>Fjöldi skóla</i>	<i>35</i>	<i>32</i>

Í úrdrætti úr opnum spurningum má sjá hvernig skólarnir sögðust nýta þessi tæki.

Niðurstöður úr leitun eða skimun voru nær alltaf kynntar fyrir foreldrum nemenda sem töldust hafa lestrarerfiðleika en um helmingi færri kynntu niðurstöður einnig fyrir þeim foreldrum nemenda sem ekki höfðu lestrarerfiðleika.

**Tafla 6. Niðurstöður úr leitun kynntar foreldrum nemenda**

	Með lestrarerfiðleika		Ekki með lestrarerfiðleika	
	Tíðni	Hlutfall	Tíðni	Hlutfall
Alltaf	25	81%	10	42%
Oft	5	16%	7	29%
Stundum	1	3%	5	21%
Aldrei	0	0%	2	8%
<i>Alls</i>	<i>31</i>	<i>100%</i>	<i>24</i>	<i>100%</i>
<i>Svara ekki</i>	<i>4</i>		<i>11</i>	
<i>Alls</i>	<i>35</i>		<i>35</i>	

## Greiningar á lesröskun

Eins og fram kom hér á undan voru um það bil 1.000 nemendur með greininguna lesröskun í skólunum 35. Flestar þessara greininga höfðu verið gerðar á vegum skólans, af starfsmanni skólans eða skólinn hafði greitt kostnaðinn, eins og sést í töflu 7.

**Tafla 7. Fjöldi greininga á vegum skólans**

	Tíðni	Hlutfall
Allar	4	11%
Flestar	27	77%
Nokkrar	3	9%
Engar	1	3%
<i>Alls</i>	<i>35</i>	<i>100%</i>

Mjög margir skólar höfðu starfsmann sem gerir lestrargreiningar eða 31 skóli af þeim 35 sem tóku þátt í könnuninni. Í þremur af þeim fjórum skólum sem ekki höfðu yfir slíkum starfsmanni að ráða voru lestrargreiningar keyptar af sjálfstætt starfandi aðila. Í skólanum sem ekki keypti lestrargreiningar var starfsmaður sem sinnti lestrargreiningum nýlega hættur og því ekki reynt á aðkeypta þjónustu.

Yfirleitt voru lestrargreiningar innan skólans á vegum sérkennara, hvort sem hann var í stöðu deildarstjóra sérkennslu eða einungis í sérkennslu. Í örfáum tilvikum voru önnur stöðuheiti nefnd en þá höfðu þeir aðilar sérkennaramenntun.

**Tafla 8. Hver gerir lestrargreiningar í skólanum?**

	Tíðni
Sérkennari	20
Deildarstjóri sérkennslu	12
Námsráðgjafi	1
Umsjónarkennari	1
Talkennari	1

Þó flestir skólar hefðu starfsfólk til að sinna lestrargreiningum höfðu 12 skólar keypt lestrargreiningar af öðrum aðilum, þar af 9 sem einnig höfðu starfsfólk til að sinna þeim innan skólans. Í töflu 9 má sjá af hvaða aðilum lestrargreiningar voru keyptar.

**Tafla 9. Hver gerir aðkeyptar lestrargreiningar?**

	Tíðni
Sérkennarar	3
Lestrarsérfræðingur	3
Sálfræðingar	2
Lestrarfræðingur/talmeinafræðingur	1
Sérfræðingar	1
Sérfræðingur í læsi (LRL)	1
Sérfræðiráðgjafi	1
Þjónustumiðstöð	1

Það var einnig nokkuð algengt að foreldrar hefðu frumkvæði að lestrargreiningum og létu gera þær utan skólans eins og sjá má í töflu 10.

**Tafla 10. Lestrargreiningar að frumkvæði foreldra utan skólans**

	Tíðni	Hlutfall
Já	28	82%
Nei	6	18%
<i>Alls</i>	34	100%
<i>Svara ekki</i>	1	
<i>Alls</i>	35	

Í um 70% tilvika tók skólinn *aldrei* þátt í kostnaði við lestrargreiningar sem foreldrar höfðu frumkvæði að og gerðar voru utan skólans, um 17% skóla tóku *stundum* þátt í kostnaði og 13% (4 skólar) tóku *oft* þátt í kostnaðinum.

Frumkvæði að lestrargreiningum einstakra nemenda kom oftast frá sérkennara, umsjónarkennara og í kjölfar markvissrar leitar að nemendum með lestrarerfiðleika eins og sjá má í töflu 11.

**Tafla 11. Frumkvæði að lestrargreiningum nemenda**

	Í kjölfar leitar	Umsjónarkennari	Sérkennari	Kennarar	Foreldrar
Alltaf	39%	13%	29%	0%	6%
Oft	50%	63%	65%	25%	30%
Stundum	12%	24%	6%	67%	64%
Aldrei	0%	0%	0%	8%	0%
<i>Fjöldi skóla</i>	<i>26</i>	<i>32</i>	<i>31</i>	<i>12</i>	<i>33</i>

Aðrir sem nefnt var að hefðu frumkvæði að lestrargreiningum voru t.d. íslenskukennarar, námsráðgjafar, talkennarar, skólasálfræðingar/sálfræðingar og skólastjórnendur.

Niðurstöður greininga voru nær alltaf kynntar sérstaklega fyrir foreldrum.

### Aðstoð og úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika

Yfirleitt fengu fleiri nemendur heldur en þeir sem höfðu greiningu um lesröskun sérstaka aðstoð, kennslu eða þjálfun vegna lestrarerfiðleika.

**Tafla 12. Aðstoð við nemendur sem ekki hafa greiningu um lesröskun**

	Tíðni	Hlutfall
Já	34	97%
Nei	1	3%
<i>Alls</i>	<i>35</i>	<i>100%</i>

Deildarstjórar sérkennslu eða sérkennarar skólans tóku yfirleitt ákvörðun um hverjir fengju slíka aðstoð í samráði við umsjónarkennara. Nokkrir nefndu sérkennsluteymi sem kæmi að slíkum ákvörðunum, einnig nemendaverndarráð auk þess samráð við foreldra, námsráðgjafa og skólastjórnendur var nefnt.

Spurt var um 11 úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika og notkun þeirra eftir aldri nemenda. Stuðningur í prófatöku, aðlögun námsefnis, hljóðbækur og aðstoð stuðningsfulltrúa var það sem oftast var nefnt eins og sjá má í töflu 13.

**Tafla 13. Úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika**

	Á yngsta stigi	Á miðstigi	Á unglingsstigi
	Fjöldi skóla		
Sérkennsla í lestri	12	27	7
Sérkennsla í öðrum námsgreinum	13	23	19
Námstækni	5	17	23
Stuðningur í prófatöku	23	32	26
Stuðningur við lestur námsbóka	6	20	14
Aðstoð stuðningsfulltrúa við nám	31	31	10
Stuðningur við heimanám	9	14	14
Kennari aðlagar námsefni	29	31	21
Nemandi fær hljóðbækur	16	32	26
Verkefnaskil í tölvu	11	26	22
Munnleg verkefnaskil	8	19	16

Annað sem nefnt var sem úrræði fyrir nemendum með lestrarerfiðleika:

#### **Á yngsta stigi**

- Í 2-3. bekk er unnið með nemendum í tvískiptum lestrarhópum tvisvar í viku í u.þ.b. 2 klst. í senn.

#### **Á yngsta og miðstigi**

- Boðið er uppá rólegar aðstæður og stuðning í námi í námsveri skólans.
- Aðstoð við annað nám fer yfirleitt ekki fram hjá sérkennara en sérkennsla í stærðfræði er nokkur hjá nemendum með lestrarerfiðleika og fer sú kennsla fram í námsveri.
- Námsmat óháð prófatöku, einstaklingsmat vegna þroskahömlunar t.d. nemandinn undanþeginn prófum í samráði við foreldra

#### **Á miðstigi og unglingsstigi**

- Einstaka nemandi notar litaðar glærur við lestur
- Nemendur sem ekki fá sérstaka aðstoð geta komið í námsver og fengið að læra þar svo og nemendur sem eru teknir út úr ákveðnum námsgreinum (unglingsstigi). Sérkennari er alltaf á staðnum.

#### **Á efsta stigi**

- Við bjóðum nemendum að nota talgervil

#### **Á öllum stigum**

- Nemendur geta fengið aðlagað heimanám.

## Opnar spurningar – útdráttur

Í þessum kafla eru dregnar saman meginlínur úr svörum deildarstjórnanna við opnum spurningum um sérkennslu.

### Hvernig nýtir skólinn sér niðurstöður samræmdra könnunarprófa?

---

Mjög algengt var að nemendur með lága útkomu í samræmdum könnunarprófum fengju í kjölfarið sérkennslu. Nokkrir skólar voru til dæmis með sérstakt átak í stuttan tíma svo sem lestrarátak fyrir þessa nemendur. Margir nefndu að niðurstöður nemenda í samræmdum könnunarprófum kæmu ekki á óvart þar sem nemendur með slakar niðurstöður væru þegar fundnir og nytu þegar sérkennslu. Hjá nokkrum skólum fóru nemendur með lága einkunn á samræmdum könnunarprófum í frekari greiningu. Þá voru í sumum skólum settar upp sérstakar áætlanir til að vinna eftir til að styðja við slaka nemendur. Slíkar áætlanir fólu oftast í sér samstarf bekkjarkennara, nemenda og foreldra. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum voru oft bornar saman við árangur úr öðrum prófum eða skimunum til að meta stöðu nemenda.

### Hvernig nýtir skólinn sér niðurstöður úr Læsi?

---

Mismunandi var eftir skólum hvaða viðmið voru notuð til að skera úr um hvaða nemendur þyrftu aukna aðstoð við lestur. Deildarstjórar sérkennslu í fjórum skólum tilgreindu að hjá þeim væri farið eftir þeim viðmiðum sem gefin eru með prófinu um lægstu mörk þess. Algengasta viðmiðið er að þeir sem ná ekki 50-65% árangri á prófinu í skólunum fái sérkennslu. Í tveimur skólum var viðmið fyrir sérkennslu þegar nemandi er undir meðallagi á prófinu og hjá öðrum skóla var viðmiðið undir 38% árangur. Nokkrir tóku fram að yfirleitt væri búið að koma auga á þá nemendur sem ættu í erfiðleikum með lestur og þegar farið að vinna með þá áður en þeir tækju prófið.

### Ef hljóðbækur eða upplýsingatækni er markvisst notuð, lýstu því hvernig nemendur fá leiðsögn og /eða aðstoð við notkun slíkra hjálpargagna:

---

Mismunandi aðilar aðstoðuðu við notkun á hljóðbókum og annarri upplýsingatækni. Í mörgum skólum voru það sérkennarar sem leiðbeindu um notkun slíkra tækja og þá oft í samstarfi við umsjónakennara eða foreldra. Ýmsir aðrir aðilar voru einnig nefndir í því sambandi svo sem deildarstjóri, umsjónarmaður sérkennslu, faggreinakennari, íslenskukennari, bókasafnsfræðingur, upplýsingatæknikennari, stuðningsfulltrúi, skólasafnakennari og námsráðgjafi. Það var einnig algengt að nemendur fengju leiðsögn í námsverum. Leiðbeiningar um hljóðbækur frá Rannveigu Lund, námstæknin “Gagnvirkur lestur” og forritin Easy tutor og Saida voru nefnd sem leiðbeiningar til nemenda. Í mörgum skólum fengu nemendur líka leiðbeiningar um mismunandi tegundir hljóðbóka svo sem hljóðbækur á snældum, geisladiskum eða til að setja inn á mp3 spilara. Þá var sumum nemendum bent á vefköng sem geyma gagnlegt efni sem nýst getur heima við. Í nokkrum skólum var tilgreint að nemendur með leströskun fengju þjálfun í ritvinnslu og að nýta sér leiðréttingarforrit. Í einum skóla voru nemendum með sértæka lestrarörðugleika útvegaðar fartölvur með talgervla forriti. Nefnt var að upplýsingatæknin gæti verið erfið í notkun þar sem nemendur þyrftu oftast að hafa einhvern við hlið sér þegar þeir ynnu á tölvu og þar af leiðandi nýttist það illa inn í bekk.

### Lýstu hvernig sérkennsla í lestri fer fram í skólanum:

---

Mjög misjafnt var hversu ítarlega deildarstjórar lýstu sérkennslunni í skólunum. Þar sem þeir töldu lítinn mun á sérkennslu milli stiga fólst hann helst í því að kennslan færi frekar fram inni í bekk á yngsta stigi en með einstaklingskennslu eða í litlum hóp fyrir eldri nemendur. Sérkennslan tæki þó alltaf mið af getu og aldri nemenda og sáu sérkennarar að mestu leyti um hana en einnig umsjónakennarar inni í sumum bekkjum. Kennarar í námsveri eða lesveri komu einnig að sérkennslu í sumum skólum. Sérkennsla utan bekkjar fór oftast fram í námsverum.

Í flestum skólum var munur á framkvæmd sérkennslunnar eftir aldursstigum. Á **yngsta stigi** fór sérkennslan mikið fram inn í bekk en í sumum skólum í sérkennslurými eða námsveri. Fyrir þennan hóp var til dæmis unnið með stafainnlögn, hljóðgreiningu, hugtakþjálfun og lestrarþjálfun. Sérkennarar komu helst að sérkennslunni en einnig var algengt að stuðningsfulltrúar aðstoðuðu nemendur og þá einkum inni í bekk. Aðrir aðilar sem sinntu sérkennslu voru kennarar, umsjónakennarar, þroskaþjálfar og að auki var talmeinafræðingur í hlutastarfi í einum skóla.

Á **miðstiginu** var einnig unnið með nemendum, bæði inni í bekk og í sérkennslurými eða námsveri. Aðrir staðir sem nefndir voru fyrir sérkennslu voru til dæmis lesver, bókasafn og húsnæði frístundaheimilis. Algengt var að nemendur fengju einnig sérkennslu í stærðfræði og í einum skóla var sérkennsla í samfélagsfræði að auki. Sérkennarar sinntu sérkennslunni í mörgum skólum en mjög algengt var að stuðningsfulltrúar sinntu henni einnig og þá oft inni í bekk. Sami hópur starfsfólks og á yngsta stigi sinnti sérkennslu á miðstigi ásamt því að í einum skóla kom stuðningskennari að sérkennslu.

Í flestum skólum á **unglingastigi** var ekki um eiginlega lestarteknslu að ræða heldur þjálfun í lestri, lesskilningi og málfræði. Margir nemendur fengu einnig sérkennslu í stærðfræði. Sérkennslan fór aðallega fram í námsverum en einnig á öðrum stöðum svo sem sérkennslurými og samvinnuborðum í kennslurými. Á ungingastigi nýttu nemendur hljóðbækur í auknum mæli. Aðrar leiðir sem boðið var upp á fyrir nemendur á ungingastigi var til dæmis hraðlestarnámskeið, valver og vist í námsveri með áherslu á verkgreinar og starfstengt nám. Einnig var unnið með námsmat í samræmi við markmið, verkefni voru unnin á tölvu í auknum mæli, lengri próftími, stærra letur og línubil, aukið hlutfall krossaspurninga og hluti námsmats munnlegur. Sérkennarar, kennarar og stuðningsfulltrúar sinntu sérkennslu að mestu á ungingastigi en að auki komu aðilar, eins og stuðningskennari, fagkennari í íslensku og leiðbeinandi að sérkennslu í skólunum.

### Lýstu því í hverju sérkennsla í lestri felst:

---

Í sumum skólum voru sömu aðferðir notaðar við sérkennslu í lestri á öllum aldursstigum en jafnframt tekið mið af getu hvers og eins. Áherslan var á að efla kunnáttu stig af stigi, til dæmis að læra stafina fyrst, síðan ná tókum á lestaráferð, þá á lesskilningi, leshraða, hljóðgreiningu og að lokum á stafsetningu. Í öðrum skólum var sérkennsla í lestri meira skipt eftir skólastigum. Algengt var þó á öllum stigum að einstaklingsáætlanir væru gerðar og lögð áhersla á heimalestur.

**Á yngsta stigi** var í flestum skólum aðaláhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar. Einnig var lögð mikil áhersla á málörvun og lestur. Dæmi um kennsluáðferðir voru stafainnlögn, hljóðaaðferð, orðmyndaaðferð, lesbútaaðferð, heildaraðferð og eindaraðferð. Ýmsar aðrar áðferðir voru einnig nefndar svo sem lestrarátak, samlestur, upplestur, tal og hlustun, aðgreining sérhljóða og samhljóða með notkun lita, hlustun á hljóðdiska og að læra vísur. Einnig var unnið með leir og önnur hlutbundin kennslugögn, svo sem lausa stafi, leiki, spil og fönðrað. Þá var notkun léttlestarbóka algeng með vinnubókum og unnið með texta af ýmsu tagi. Í einum skóla var einnig kennd fingrasetning á lyklaborð ásamt viðbótar tölvutímum. Ýmis kennslugögn voru notuð við sérkennsluna, t.d. kennslugögn Rannveigar Löve, Stafahúsið, Leggðu við hlustir, Ljáðu mér eyra, Early steps, verkefni Helgu Sigurmundsdóttur svo sem Mokoka og Litlu landnemarnir, áðferðir Jörgen Frost og hugmyndir úr Clay-Reading recovery.

**Á miðstigi** var áfram unnið með hljóðkerfisvitundina en meiri áhersla á lesskilning, leshraða og málfræði. Áðferðir notaðar á miðstigi voru til dæmis hljóðaaðferð, lesbútaaðferð, stafaaðferð, orðheildaraðferð, orðmyndaaðferð, eindaraðferð og efling lesskilnings og lestrarnákvæmni. Einnig var unnið með texta af ýmsu tagi, hugtakakort og hljóðbækur. Þá er í mörgum skólum lögð aukin áhersla á stuðning við nemendur í lesgreinum, aðlögun námsefnis og jafnvel gerð sérefnis fyrir nemendur. Kennslugögn eru til dæmis efni Rannveigar Löve, Stafahúsið, Lesum lipurt, verkefni Helgu Sigurmundsdóttur svo sem Mokoka og Litlu landnemarnir, Early steps, áðferðir Jörgen Frost og hugmyndir úr Clay-Reading recovery.

**Á unglingsstigi** var eiginleg lestrarkennsla í lágmarki og var nemendum með lesröskun frekar veitt aðstoð við námsefni í íslensku og jafnvel öðrum fögum, framhaldsþjálfun í stafsetningu og málfræði, lestrar- og lesskilnings vali, hraðlestrarnámskeiði eða að námsbækur væru skannaðar í tölvu. Mjög algengt var einnig að nemendur á unglingsstigi nýttu sér hljóðbækur. Í einum skóla var tilgreint að stoðkennari aðstoði mikið í stærðfræði, stafsetningu og málfræði. Í öðrum skóla var einnig notuð lesbútaaðferð og hlítarnám.

## Svör skólastjórnenda

---

Í febrúar voru nokkrar spurningar lagðar fyrir skólastjóra í netkönnun og svöruðu allir 39 skólastjórar almennra grunnskóla og sérskóla. Sú fyrsta um hvort upplýsingar varðandi viðbrögð og úrræði skólans við lestrarerfiðleikum nemenda væri að finna í skólanámskrá; s.s. um lestrarkennslu, lestrarþjálfun eða almennan stuðning í námi. Í 31 skóla, eða um 80%, eru þessar upplýsingar í skólanámskrá. Í tveimur af þeim 8 skólum þar sem ekki eru upplýsingar um viðbrögð og úrræði varðandi lestrarerfiðleika í skólanámskrá er sambærilegar upplýsingar að finna annars staðar, s.s. á heimasíðu, í efni foreldranámskeiða hjá 6 ára nemendum, handbók foreldra eða skólahandbók.

Um 80% skólastjóra segja að kennari með sérfræðiþekkingu á sviði lestrarerfiðleika starfi við skólann. Hér fyrir neðan má sjá hvers konar starfsfólk er nefnt í því sambandi:

- Sérkennari og einnig kennari með yfir 40 ára reynslu í lestrarkennslu
- Sérkennari sem er að ljúka mastersgráðu á sviði lestrarörðugleika.
- Menntaður sérkennari sem þekkir og kann að meðhöndla lestrarerfiðleika. Hefur líka sérfræðimenntun í talþjálfun.
- Sérkennari með mikla og haldgóða þekkingu á lestrarerfiðleikum
- Sérkennari (12 nefna)
- Tveir kennarar með sérkennslufræði og annar þeirra er í Mastersnámi.
- Sérkennari með sérm. (diploma og er að ljúka master)
- Sérkennari sérstaka áherslu á lestrarerfiðleika
- Sérkennari með sér áherslu á lestrarkennslu
- Master í sérkennslufræðum starfaði áður við lestrarmiðstöð KHÍ
- Sérkennari sem m.a. hefur unnið í starfshópi sérkennara um greinandi próf.
- Þrír sérkennarar vinna við skólann og er þara af einn með meistaragráðu sem tengist vinnu með lestrarörðugleika
- Sérkennari, blindrakennari
- Sérkennari, talkennari og þroskaþjálfari
- Sérkennarar sem lagt hafa áherslu á lestrarörðugleika, sérgrein, námskeið o.m.fl. Þrír sérkennarar með þetta sérsvið starfa í skólanum.
- Sérkennari + aðrir sem sótt hafa ýmiskonar lestrarnámskeið
- Kennari með sérnám frá Noregi í lestri
- Deildarstjóri sérkennslu hefur réttindi til að prófa TOLD, Aston Index, GRP 10E og GRP 14H
- Deildarstjóri sérkennslu og verkefnastjóri í Gagnvirkum lestri og gerð hugtakakorta
- Dyslexía M.Ed. í uppeldis og menntafræðum með áherslu á sérkennslu.
- Sérfræðiþekking einstakra kennara er mjög góð.

Þeir skólar sem ekki hafa kennara með sérfræðiþekkingu á sviði lestrarerfiðleika hafa sumir aðgang að slíkri þekkingu eða nefna að þeir hafi fjármagn til að kaupa hana að. Þó eru þrír skólastjórar sem segja að þeir hafi ekki aðgang að sérfræðiþekkingu um lestrarerfiðleika.

Spurt var um námskeið í lestrarkennslu almennt og lestrarkennslu fyrir nemendum með lestrarerfiðleika og hvort slík námskeið væru hluti af símenntunaráætlun skólans.

**Tafla 14. Námskeið fyrir kennara**

	<b>Í lestrarkennslu almennt</b>	<b>Í lestrarkennslu fyrir nemendur með lestrarerfiðleika</b>
Var áður	41%	32%
Er núna	18%	27%
Stendur til	41%	41%
<i>Alls</i>	100%	100%
<i>Svara ekki</i>	5 skólar	5 skólar

Námskeið í almennri lestrarkennslu hafa verið haldin í 18 skólum á síðustu tveimur árum. Í 10 skólum er lengra síðan slíkt námskeið hefur verið haldið en í 10 skólum hefur ekki verið haldið námskeið í lestrarkennslu. Námskeið í lestrarkennslu fyrir nemendur með lestrarerfiðleika hefur verið haldið í 16 skólum á síðustu tveimur árum, í 5 skólum er lengra síðan en í 15 skólum hefur þannig námskeið ekki verið haldið.

Allir skólastjórnendur telja þörf á námskeiði í lestrarkennslu fyrir kennara, sérstaklega á yngsta- og miðstigi en einnig telja nokkrir að einnig sé slík þörf á unglingastigi. Í lokin gátu skólastjórar nefnt eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri varðandi nemendur með lestrarerfiðleika. Í tveimur skólum sér námsráðgjafi um sjálfsstyrkingarhóp fyrir nemendur með dyslexíu, einn nefnir að námsverið einbeiti sér að lestrarfærni nemenda, annar að heildræn nálgun í gegnum öll fög skólans séu nauðsynleg, í einum skóla geta nemendur í 10.bekk valið sér valgrein um lestur og lesskilning og einn skóli hefur nýlega fengið þróunarstyrk til að skoða lestur í skólanum og búa til umbótaáætlun.

## Námsgögn

---

Útgáfa námsefnis fyrir grunnskóla er á höndum námsgagnastofnunar samkvæmt Lögum um námsgögn nr. 71 frá 2007. Í 1. grein laganna segir:

“Markmið laga þessara er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.”

Enn fremur segir í 3. grein laganna:

“Hlutverk Námsgagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir í samræmi við ákvæði laga þessara.”

Námsgagnastofnun gefur út tvær gerðir hljóðbóka sem allar eru til úthlutunar eins og annað efni sem stofnunin gefur út. Annars vegar eru auðlesnar sögubækur sem ætlaðar eru til lestrarþjálfunar, hins vegar hljóðbækur með almennum námsbókum. Gefnar hafa verið út um 60 titlar almennra námsbóka grunnskólans á hljóðbókum. Þetta efni er ætlað nemendum sem eru hæglæsir eða geta ekki lesið bækurnar hjálparlaust, blindum og sjónskertum nemendum. Einnig hefur stofnunin gefið út hljóðbækur með námsefni í erlendum tungumálum. Engar skráðar reglur eru til hjá Námsgagnastofnun um útgáfu hljóðbóka. Viðmið hjá stofnuninni er að með öllu efni sem tilheyrir lesgreinum eru gefnar út hljóðbækur auk hljóðbóka með lestrarkennsluefni s.s. með flokknum auðlesið efni. Á heimasíðu námsgagnastofnunar má finna ítarlegar upplýsingar um námsefni á hljóðbókum og efni sem nýtist til sérkennslu, þar á meðal til sérkennslu fyrir nemendur með lestrarörðugleika. Þó er ekki hægt að leita á vefnum að efni fyrir lesblinda undir því leitarorði.

Árið 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd um lestrarörðugleika og leshömlun, sem gera átti tillögur um úrræði fyrir nemendur með lesblindu og aðra lestrarörðugleika í grunn- og framhaldsskólum. Ein af tillögum nefndarinnar var að menntamálaráðherra myndi stuðla að útgáfu kennsluefnis í lestri fyrir fyrstu bekki grunnskóla þannig að kennarar geti valið úr vönduðu og áhugaverðu lesefni fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestrarnám. Í framhaldi af þessari tillögu beindi menntamálaráðherra þeim tilmælum til stjórnar þróunarsjóðs námsgagna að tekið yrði mið af þörfum nemenda með lestrarerfiðleika, eftir því sem við yrði komið, við úthlutun styrkja úr sjóðnum. Sérstaklega var tiltekin útgáfa kennsluefnis í lestri fyrir fyrstu bekki grunnskóla og þróun hugbúnaðar fyrir nemendur með lestrarerfiðleika. Í fylgiskjali 5 úr skýrslu starfshóps menntamálaráðherra, um lestrarörðugleika og leshömlun, má finna nánari upplýsingar frá Námsgagnastofnun

Í skýrslu Sigríðar Einarsdóttur og Auðar B. Kristinsdóttur um upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda með sérkennsluþarfir, rannsókn á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands frá 2006, er sérstaklega fjallað um leshömlun og tölvunotkun. Þar segir að kennarar sjái mesta möguleika í tölvunotkun fyrir nemendur með leshömlun, en jafnframt var tölvunotkun mestum vandkvæðum bundin hjá hluta af þessum hópi. Rætt er einnig um þá möguleika sem felast í notkun talgervla fyrir þennan hóp nemenda.

Ein af tillögum nefndar menntamálaráðherra var að nemendum grunn- og framhaldsskóla yrði tryggt gott aðgengi að upplýsingatækni, þ.m.t. vél- og hugbúnaði sem sniðinn er að þörfum

nemenda með leshömlun, t.d. íslenskum talgervli. Menntamálaráðuneytið hefur styrkt gerð lesvélar sem finna má á vefnum, [hexia.net/upplestur](http://hexia.net/upplestur). Lesvélin byggir á nýrri tækni sem auðveldar aðgang fólks með lestrarerfiðleika að rituðu máli og er opin öllum án endurgjalds. Um er að ræða upplestrarþjónustu sem notar miðlæga lesvél til að lesa texta og fá hann lesinn upp.

## Þjónusta sem foreldrar eiga tilkall til

Í reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996 með síðari breytingum segir:

“Öllum sveitarfélögum, sem standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólunum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr. grunnskólalaga og sálfræðiþjónustu (1.gr.). Á fyrstu árum skólagöngu skulu skólar kanna hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, bregðast við því með kerfisbundnum hætti og sjá til þess að öll börn fái nauðsynlega aðstoð til að ná viðunandi lestrarfærni. Fylgst skal reglulega með framförum í lestri og brugðist við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðiþjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við. Hún skal sjá skólum fyrir viðeigandi skimunar- og greiningarprófum ( 2. grein).”

Samkvæmt þessu ber skólum og sveitarfélögum að bregðast við lestrarvanda nemenda, bæði að greina hann og veita nemendum nauðsynlega aðstoð. Ef grunur er á að nemandi eigi við lestrarerfiðleika að stríða geta foreldrar leitað beint til umsjónarkennara barnsins, sérkennara skólans eða skólastjórnenda og ber skólanum að bregðast við skv. ofangreindri reglugerð. Einnig geta foreldrar í Reykjavík leitað til viðkomandi þjónustumiðstöðvar þar sem sérfræðiþjónusta skóla er staðsett.

Í tillögum nefndar á vegum menntamálaráðuneytis um lestrarörðugleika og leshömlun er fjallað um ráðgjöf og stuðning við foreldra. Þar er m.a. lagt til að menntamálaráðherra láti útbúa fræðslufni fyrir foreldra m.a. um réttindi nemenda með leshömlun og skyldur skóla. Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember síðastliðinn, var opnaður vefurinn [lesvefurinn.khi.is](http://lesvefurinn.khi.is). Þar er að finna hagnýtar upplýsingar um læsi og lestrarerfiðleika sem byggðar eru á rannsóknum og þekkingu sem safnast hefur á undanförunum þremur til fjórum áratugum. Hlutverk hans er að miðla þekkingu til foreldra, kennara og nemenda um læsi og lestrarerfiðleika, kennsluáferðir og nýjungar. Auk þess geta nemendur, foreldrar og kennarar sent inn fyrirspurnir sem tengjast lestrarvanda. Kennaraháskóli Íslands, SRR – Símenntun, Rannsóknir, Ráðgjöf tók að sér að setja upp og sjá um vefinn samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

Vorið 2008 stefnir Menntamálaráðuneytið að því að senda foreldrum allra barna sem fædd eru 2002, bækling þar sem foreldrar eru hvattir til að lesa með og fyrir börn sín.

Í Fylgiskjali 9 með skýrslu starfshóps menntamálaráðherra, um lestrarörðugleika og leshömlun, er samantekt Ingibjargar Rafnar, þáverandi umboðsmanns barna, um lög og reglur er varða sértæka náms- og lestrarörðugleika.

## Aðgangur kennara að námskeiðum

Eitt af hlutverkum nefndar menntamálaráðuneytisins, um lestrarörðugleika og leshömlun var að gera tillögur um stuðning við skóla og kennara þannig að þeir geti betur komið til móts við þarfir nemenda sem eiga í erfiðleikum með lestur eða lestrarnám. Ein af tillögum nefndarinnar varðandi þennan þátt var að stofnað yrði þekkingar- og fræðasetur um læsi. Hlutverk þess yrði að byggja upp þekkingargrunn um læsi og lestrarerfiðleika, fjölbreyttar kennsluáðferðir, miðla nýrri þekkingu, efla endurmenntun og rannsóknir.

Menntamálaráðuneytið fékk sérfræðinga frá Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri til að setja saman tillögur að stofnun þekkingar- og fræðaseturs um læsi. Tillögum hefur verið skilað en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhaldið. Menntamálaráðuneytið stendur um þessar mundir einnig fyrir úthlutun styrkja til að semja lestrarpróf og er hægt að sækja um þá styrki fram til 13. júní 2008.

Á vef Kennaraháskóla Íslands, SRR, má finna yfirlit yfir námskeið sem eru í boði í samráði við skóla. Þar á meðal eru námskeið sem fjalla um lestur og lestrarkennslu. Hjá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri eru í boði einstök námskeið og/eða samstarf um þróunarverkefni til lengri tíma. Þar er að finna námskeið og þróunarverkefni sem fjalla um lestur s.s. byrjendalæsi, læsi til framtíðar – markviss efling lesskilnings og leshömlun í almennu skólastarfi. Einnig eru í boði námskeið á vegum sjálfstætt starfandi lestrarfræðinga og má þar nefna námskeið á vegum Lestrarseturs Rannveigar Lund sumarið 2008 en þar verða í boði námskeiðin: Skilningur – lestur og ritun, Bernskulæsi og Lestrarerfiðleikar.

Í skýrslu starfshóps um málþroska og læsi í leik- og grunnskólum koma fram tillögur um námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum. Undirbúin hafa verið þrjú námskeið sem fara af stað í ágúst 2008, Lestur og ritun fyrir yngsta- og miðstig, Málþroski og læsi sem er ætlað leikskólakennurum sem vinna með elstu börnunum á leikskólunum og grunnskólakennurum sem vinna með yngstu nemendum grunnskólans og Læsi og lesskilningur fyrir mið- og unglíngastig.

## Samantekt

---

Alls eru um 1000 nemendur með greininguna lesröskun í þeim grunnskólum sem þátt tóku í könnuninni. Skipting milli kynja er 40% stelpur og 60% strákar eða um það bil 7,3% af nemendafjölda. Hlutfall stráka eykst eftir því sem ofar dregur, 51% af heildarfjölda sem hefur greiningu á yngsta stigi, 57% á miðstigi og 64% á unglingastigi. Auk þess eru 500 nemendur til viðbótar líklega með lesröskun að mati skólanna, samtals um 1.500 nemendur sem eru um 10,9% af heildarnemendafjölda skólanna.

Í svo til öllum skólunum er markvisst leitað að nemendum með lestrarerfiðleika og er mest áhersla á leit í yngstu árgöngunum. Oftast bera deildarstjórar sérkennslu eða sérkennarar skólans ábyrgð á leit að nemendum með lestrarerfiðleika.

Lesskimunin Læsi er notuð af öllum skólum sem hafa yngra stig og í meirihluta skólanna eru samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk notuð til að finna nemendur með lestrarerfiðleika.

Niðurstöður úr leitun eða skimun eru nær alltaf kynntar fyrir foreldrum nemenda sem töldust hafa lestrarerfiðleika en fyrir um helmingi foreldra nemenda sem ekki höfðu lestrarerfiðleika.

Flestar lestrargreiningar eru gerðar á vegum skólans, af starfsmanni skólans eða skólinn greiðir kostnaðinn. Meiri hluti skóla hafa starfsmann sem gerir lestrargreiningar eða 31 skóli af 35 en 12 skólar keyptu lestrargreiningar af öðrum aðilum. Þar af 9 sem einnig höfðu starfsfólk til að sinna þeim innan skólans.

Nokkuð algengt er að foreldrar hafi frumkvæði að lestrargreiningum og láti gera þær utan skólans. Í um 70% tilvika tók skólinn *aldrei* þátt í kostnaði við lestrargreiningar sem foreldrar höfðu frumkvæði að og gerðar voru utan skólans, um 17% skóla tóku *stundum* þátt í kostnaði og 13% (4 skólar) tóku *oft* þátt í kostnaðinum.

Frumkvæði að lestrargreiningum kemur oftast frá sérkennara, umsjónarkennara og í kjölfar markvissrar leitar að nemendum með lestrarerfiðleika og eru niðurstöður greininga nær alltaf kynntar sérstaklega fyrir foreldrum

Yfirleitt fá fleiri nemendur en þeir sem hafa greiningu um lesröskun, sérstaka aðstoð, kennslu eða þjálfun vegna lestrarerfiðleika og taka deildarstjórar sérkennslu eða sérkennarar yfirleitt ákvörðun um hverjir fá slíka aðstoð í samráði við umsjónarkennara.

Úrræði fyrir nemendur með lestrarerfiðleika og notkun þeirra fer yfirleitt eftir aldri nemenda og felst m.a. í stuðningi í prófatöku, aðlögun námsefnis, hljóðbókum og aðstoð stuðningsfulltrúa.

Í um 80% skólanámskráa eru upplýsingar um viðbrögð og úrræði skólans varðandi lestrarerfiðleika. Í nokkrum öðrum skólum eru sambærilegar upplýsingar að finna t.d. á heimasíðu, í efni foreldranámskeiða hjá 6 ára nemendum, handbók foreldra eða skólahandbók.

Í um 80% skóla er starfandi kennari með sérfræðipekkingu á sviði lestrarerfiðleika en aðrir skólar höfðu sumir aðgang að slíkri þekkingu. Þrír skólastjórar segjast ekki hafa aðgang að sérfræðipekkingu um lestrarerfiðleika

Námskeið um almenna lestrarkennslu hafa verið haldin í 18 skólum á síðustu tveimur árum, í 10 skólum var lengra síðan og í 10 skólum hafði ekki verið haldið námskeið í lestrarkennslu. Námskeið um lestrarkennslu fyrir nemendur með lestrarerfiðleika hafði verið haldið í 16 skólum á síðustu tveimur árum, í 5 skólum var lengra síðan en í 15 skólum hafði þannig námskeið ekki verið haldið.

Í flestum skólum er munur á framkvæmd sérkennslunnar milli stiga þannig að sérkennslan fer frekar fram inn í bekk í yngstu bekkjunum en með einstaklingskennslu eða í litlum hóp fyrir eldri nemendur. Sérkennslan tekur þó alltaf mið af getu og aldri nemenda og sjá sérkennarar að mestu leyti um sérkennsluna en einnig umsjónarkennarar inni í sumum bekkjum.

Á yngsta stigi er aðaláherslan á þjálfun hljóðkerfisvitundar og unnið er með stafainnlögn, hljóðgreiningu, hugtakþjálfun og lestrarþjálfun. Einnig er lögð mikil áhersla á málörvun og lestur.

Á miðstigi er áfram verið að vinna með hljóðkerfisvitundina en meiri áhersla er á lesskilning, leshraða og málfræði. Einnig er algengt að nemendur fái sérkennslu í stærðfræði. Sérkennarar sinna sérkennslunni í mörgum skólum en algengt er að stuðningsfulltrúar sinni henni einnig og þá oft inni í bekk.

Á unglíngastigi er eiginleg lestrarkennsla í lágmarki og nemendum með lesröskun frekar veitt aðstoð með námsefni í íslensku og öðrum fögum, framhaldsþjálfun í stafsetningu og málfræði, lestrar- og lesskilnings vali, hraðlestrarnámskeiði eða að námsbækur eru skannaðar í tölvu. Algengt er einnig að nemendur á unglíngastigi nýti sér hljóðbækur. Dæmi eru um að námsráðgjafar sjái um sjálfstyrkingarhópa fyrir nemendur með dyslexíu.

Hljóðbókin er helsta hjálpartæki nemenda með leshömlun og hefur Námsgagnastofnun gefið þær út með öllu almennu námsefni og lestrarkennsluefni. Einnig þekkist notkun Talgervla og er aðgangur að slíkum á vefnum.

Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla ber skólum og sveitarfélögum að bregðast við lestrarvanda nemenda, bæði að greina hann og og veita nemendum nauðsynlega aðstoð. Ekki er tilgreint hvaða þjónustu foreldrar eiga tilkall til en á nýjum lesvef hafa foreldrar aðgang að upplýsingum um lestrarerfiðleika.

Námskeið um lestur almennt og lestrarerfiðleika eru í boði bæði hjá Háskólastofnunum og einkaaðilum. Nokkuð hefur einnig verið um námskeið í skólunum sjálfum á undanförmum árum. Námskeið um málþroska og læsi eru framundan á vegum Menntasviðs en ekki hefur markvisst verið boðið uppá námskeið og fræðslu sérstaklega um lestrarerfiðleika fyrir kennara á undanförmum árum.

## Fylgiskjöl

---

1. Erindisbréf framkvæmdahóps um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika
2. Fundargerðir framkvæmdahóps
3. Spurningalistar

## Erindisbréf

<p><b>Heiti vinnuhóps:</b> Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika</p>
<p><b>Ábyrgðarmaður:</b> Ragnar Þorsteinnson</p>
<p><b>Hlutverk:</b> Að kanna hvernig staðið er að málefnum nemenda með sértæka lestrarerfiðleika í grunnskólum og koma með tillögur að bættri þjónustu.</p>
<p><b>Helstu verkefni:</b> Að safna saman upplýsingum frá skólum borgarinnar um hvernig staðið er að málefnum barna með sértæka lestrarerfiðleika. Að vinna tillögur að bættri þjónustu út frá þeim niðurstöðum með tilliti námsefnis og aðgegnis að því. Einnig að skoða möguleika á því hvernig gera má rafrænt námsefni aðgengilegt fyrir lesblinda. Að kanna hvaða þjónustu foreldrar eiga tilkall til. Að kanna aðgang kennara að námskeiðum um kennsluáferðir varðandi lesröskun</p>
<p><b>Fulltrúar í vinnuhópi:</b> Hrund Logadóttir, verkefnastjóri grunnskólaskrifstofu Menntasviðs Sigþór Magnússon, fulltrúi skólastjóra Þorgerður Diðriksdóttir, fulltrúi kennara Skúli Hansen, fulltrúi foreldra Hildur Björk Svavarsdóttir, Tölvu- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs</p>
<p><b>Formaður vinnuhóps:</b> Hrund Logadóttir</p>
<p><b>Starfsmenn:</b></p>
<p><b>Ráðgjöf / samstarf:</b> aðilar sem hafa sérfræðiþekkingu á þessu sviði</p>
<p><b>Starfstímabil:</b> nóvember 2007 - janúar 2008. Framlengt til maí 2008</p>
<p><b>Skil:</b> Til sviðsstjóra Menntasviðs</p>

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

1. fundur 12. desember 2007

Mættir: Þorgerður Diðriksdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon, Skúli Hansen og Hrund Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

1. Erindisbréf framkvæmdahópsins

Hlutverk: Upplýsingasöfnun og tillögur í kjölfarið. Gerð námsefnis er ekki hlutverk sveitarfélaga en hópurinn getur tekið afstöðu til námsefnis, komið með ábendingar og tillögur. Varðandi þjónustu við foreldra og aðgang kennara að námskeiðum er hægt að vísa í skýrslu nefndarinnar sem starfaði á vegum Menntamálaráðuneytisins. Ekki er ástæða til að endurvinnna það sem sá starfshópur vann í sinni skýrslu.

2. Skýrsla nefndar um lestrarörðugleika og leshömlun á vegum Menntamálaráðuneytis kynnt.

3. Umfjöllun um upplýsingasöfnun frá skólum borgarinnar

Lagt fram skjal með hugarflugi um spurningar til skólanna. HL

Spyrja þarf um hvort foreldrar láti greina börnin og komi síðan með greiningar til skólans.

Hve margir nemendur eru með lestrarerfiðleika í skólanum? Er misjafnt hlutfall milli skóla?

Hefur skólinn sett sér viðmið varðandi lestrarerfiðleika?

Hvaða viðmiðunarmörk notar skólinn varðandi lestrarörðugleika og úrræði í Læsisskimuninni?

Nýting niðurstaðna úr Læsiskönnun, hvernig er henni hagað eftir skólum?

Hversu margir nemendur eru með einstaklingsgreiningu um leshömlun?

Hver hefur frumkvæði að því að greining er gerð?

Hver eru úrræði skólans varðandi lestrarkennslu og lestrarþjálfun nemenda með lestrarerfiðleika annarsvegar og hinsvegar varðandi stuðning í námi almennt með tilliti til lestrarerfiðleika viðkomandi nemenda?

Viðhorf, hver eru viðhorf til nemenda með leshömlun innan skólans?

Skipta þarf spurningum í tvennt, spurningar til skólastjóra og spurningar til umsjónarmanna sérkennslu.

Fá eingöngu nemendur með greinda leshömlun sértæka aðstoð í skóla?

Hafa allir skólar borgarinnar yfir að ráða sérfræðipækkingu á þessu sviði?

Hafa allir skólar borgarinnar aðgang að sambærilegri þjónustu frá sérfræðiþjónustu skóla?

Leita þarf upplýsinga um stöðu umsjónarkennara varðandi þekkingu, ráðgjöf og stuðning. Hver er upplifun umsjónarkennara? Hægt er að taka úrtak úr umsjónarkennarahóp Rvk, ákveðna árganga.

Hver er áhugi kennara á að auka við sig þekkingu á sviði lesraskana?

Fulltrúar hópsins fari yfir hugarflugsspurningar og geri athugasemdir og bæti inni og sendi til formanns hópsins. Hildur Björk geri tillögu um uppsetningu og gerð spurningalista í kjölfarið.

4. Önnur mál:

Verið er að þýða og gera ný greiningartæki. Kanna þarf hve langt gerð þessara tækja er komin og hvort þau séu kostur fyrir skóla borgarinnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

2. fundur 29. janúar 2008

Mættir: Þorgerður Diðriksdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon og Hrunn Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

1. Farið yfir spurningalista til sérkennara og gerðar lagfæringar. Listinn er ætlaður umsjónarmanni / deildarstjóra sérkennslu. Rætt um aðlögun námsefnis.
2. Farið yfir drög að spurningalista til skólastjóra og gerðar athugasemdir.
3. Hildur setur athugasemdir og lagfæringar inná listana og sendir á hópmeðlimi og út í skólana. Hrunn gerir kynningartexta með listunum. Skilafrestur er vika. Áætlun að senda hann út í fyrstu viku febrúar, rafrænt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

## Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

3. fundur 28. febrúar 2008

Mættir: Þorgerður Diðriksdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon og Hrunn Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

4. Spurningalistakönnun var send út fyrstu viku í febrúar. Komin eru svör frá 13 skólum. Ítrekun hefur verið send í tölvupósti til skólastjóra og hringt verður út eftir helgi. Niðurstöður úr því sem komið er kynntar. Alls hafa 191 drengir fengið greiningu og 132 stúlkur.
5. Námskeið fyrir kennara: Námskeið á vegum menntayfirvalda í borginni, námskeið á vegum KHÍ, námskeið á vegum einkaaðila. Taka þarf saman hvað stendur til boða. Hvaða aðgang og tækifæri kennarar hafa til að sækja þessi námskeið? Hvaða hindranir eru í veginum? Hægt er að spytja umsjónarkennara sérstaklega að því. Hildur kannar hvort hægt sé að fá netföng umsjónarkennara. Hafa kennarar sótt námskeið, hvað hefur hamlað, hefurðu þörf fyrir slíkt námskeið. Búar til spurningar.
6. Hvað eru önnur sveitarfélög að gera í þessum málaflokki? Kópavogur, Garðabær og Reykjanesbær. Leita upplýsinga hjá skólaskrifstofum.
7. Skýrslur sem til eru sem varða þennan málaflokk, skýrsla Menntamálaráðuneytisins og skýrsla um tölvunotkun í sérkennslu.
8. Rafrænt námsefni; senda fyrirspurn til námsgagnastofnunar. Athuga vefsíða á vegum KHÍ og Menntamálaráðuneytisins.
9. Athuga samning Menntasviðs og KHÍ – Védís menntamálaráðuneyti – Um hvað er að ræða
10. Send var út fyrirspurn til skólastjóra um notkun ýmissa forrita t.d. Vi Tal. Virðast ekki vera almennt í notkun í skólunum. Verið er að skoða á Menntasviði hvort mögulegt sé að kaupa Logos miðlægt fyrir skóla borgarinnar.
11. Rætt um kennsluáferðir í lestrarkennslu og hvað hamlar fjölbreyttum leiðum.
12. Næsti fundur vikunni eftir páska 3. apríl kl. 10:30

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

4. fundur 03. apríl 2008

Mættir: Hildur Björk Svavarsdóttir, Skúli Sigurðsson, Sigþór Magnússon, Þorgerður Diðriksdóttir og Hrunn Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

13. Farið yfir gögn sem borist hafa úr spurningalistunum. Næstu skrefin eru að klára að flokka svör við opnum spurningum.
14. Unnið verður áfram með listana og gerður texti. Hópmeðlimir sendi inn athugasemdir.
15. Næsti fundur verður 16. maí kl. 14:30

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

5. fundur 16. apríl 2008

Mættir: Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon og Hrunn Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

16. Farið yfir drög að skýrslu sem hafði fyrr verið send út til hópsins og gerðar athugasemdir.
17. Hildur mun áfram setja inn þær niðurstöður sem vantar og senda á hópinn. Næstu skref eru síðan að hópmeðlimir lesi drögin, geri athugasemdir og komi með hugmyndir að tillögum fyrir næsta fund. Hvað eru önnur sveitarfélög að gera í þessum málaflokki? Kópavogur, Garðabær og Reykjanesbær. Leita upplýsinga hjá skólaskrifstofum.
18. Á næsta fundir verða mótaðar tillögur út frá niðurstöðum könnunar. Sá fundur verður miðvikudaginn 7. maí kl. 14:30. Áætlaður lokafundur hópsins verður síðan miðvikudaginn 14. maí kl. 14:30.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

6. fundur 7. maí 2008

Mættir: Hildur Björk Svavarsdóttir, Sigþór Magnússon og Hrunn Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

19. Farið yfir drög að skýrslu sem hafði fyrr verið send út til hópsins og gerðar athugasemdir.
20. Rætt um opnu spurningarnar. Ákveðið að draga saman megináherslur. Fundarmenn merki við þær setningar sem nauðsynlegt er að komi fram.
21. Námsefni:
  - a. Athuga hjá menntamálaráðuneyti Védís Grönvold, hvernig tillögum starfshóps ráðuneytisins miði – hvað hefur verið framkvæmt.
  - b. Hvaða reglur gilda um útgáfu hljóðbóka með almennu náms efni hjá Námsgagnastofnun – eða annars efnis.
  - c. Blindrabókasafnið – hvaða þjónustu veita þeir grunnskólanemendum t.d. varðandi lestur efnis á hljóðbækur.
22. Réttur foreldra:
  - a. Setja upplýsingar um LesVefinn inn í kaflann um foreldra og athugasemdir vegna slæms aðgengis.
23. Menntun – endurmenntun kennara.
  - a. Rætt um hvernig er hægt að örva áhuga kennara á læsi? Reykjavíkurborg þarf að bjóða uppá á öllum stigum grunnskólans endurmenntun fyrir kennara í lestrarkennslu s.s. lestur almennt, lestrarörðugleika, áhrif þeirra á annað og almennt nám. Að læra að þekkja einkenni lestrarörðugleika og leiðir til að mæta þeim.
24. Af skýrslunni má ráða að þrátt fyrir að skólarnir séu yfirleitt þokkalega settir með sérfræðinga hins vegar kemur fram að verið er að greina nemendur með lestrarerfiðleika upp eftir öllu skólastiginu. Þetta bendir til þess að mjög mikilvægt er að auka þekkingu almennra kennara á einkennum lestrarerfiðleika á fyrstu stigum og hvernig megi greina þá. Tillaga um hvernig megi auka þessa þekkingu. Bilanagreining sem kennara gætu framkvæmt! Metnaður kennara til að finna vandann.
25. Að þegar vandi kemur upp hjá nemanda varðandi hegðun eða námsástundun verði sérstaklega skoðað hvort um undirliggjandi lestrarvanda sé að ræða hjá nemanda. Tillaga um hvernig þetta má gera. Upplýsa kennara betur um tengsl náms- og hegðunarvanda.
26. Kennarar hafi leið út, þ.e. að kennari viti hvaða leið og hvert eigi að leita innan skólans þegar upp koma einkenni lesblindu hjá nemanda í námshópnum. T.d. að skólar setji inní skólanámskrár sínar skýra ferla varðandi þetta, sýnilega bæði kennurum og foreldrum.
27. Stefnt að því að lágmarka að nemendur með lestrarörðugleika séu teknir sér. Leitað verði leiða til að vinna með styrkleika þeirra á öðrum sviðum og tengja þá því sem þeir eiga erfiðast með og er mikilvægast í skólastarfinu. Ath. Með bók sem Helga Þórðar hefur skrifað og vitna til þeirra aðferða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika

7. fundur 14. maí 2008

Mættir: Sigþór Magnússon og Hrunn Logadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

1. Lokavinnsla á tillögum starfshópsins.
2. Ákveðið að senda tillögurnar til annarra meðlima hópsins og fá athugasemdir. Skýrsla hópsins verður lögð fyrir menntaráð 26. maí.

Fleira ekki tekið fyrir

SPURNINGALISTI TIL UMSJÓNARMANNS/DEILDARSTJÓRA SÉRKENNSLU Í GRUNNSKÓLUM  
VEGNA NEMENDA MEÐ LESHÖMLUN/DYSLEXÍU

1. Heiti skóla: \_\_\_\_\_
2. Hver svarar (starfsheiti): \_\_\_\_\_
3. Hve mörg stöðugildi sérkennara eru við sérkennslu í skólanum? \_\_\_\_\_

FJÖLDI NEMENDA MEÐ LESTRARERFIÐLEIKA

4a. Hve margir núverandi nemendur skólans hafa fengið greiningarniðurstöðuna leshömlun/dyslexíu?

	Stelpur	Strákar
Á yngsta stigi (1.-4. bekk)		
Á miðstigi (5.-7. bekk)		
Á unglíngastigi (8.-10. bekk)		
Alls		

4b. Hversu margar af þessum greiningum hafa verið gerðar á vegum skólans (af starfsmanni skólans eða skólinn greitt fyrir hana)? \_\_\_\_\_

5. Hve margir nemendur skólans til viðbótar telur þú að eigi við leshömlun/dyslexíu að stríða en hafa ekki fengið greiningu? \_\_\_\_\_

## LEITUN AÐ NEMENDUM MEÐ LESTRARERFIÐLEIKA Í SKÓLANUM

6. Er markvisst leitað (t.d. með skimun) að nemendum með lestrarerfiðleika?

Já  Nei (næst spurning 10)

7. Hver/hverjir bera ábyrgð á að leitun að nemendum með lestrarerfiðleika fari fram?

---

8. Lýstu því hvernig leitun fer fram:

	Hvenær	Hvað er notað (matstæki, próf, aðferð)?	Hvert er viðmiðið um erfiðleika? <sup>2</sup>	Hver annast framkvæmd?
1. bekkur				
2. bekkur				
3. bekkur				
4. bekkur				
5. bekkur				
6. bekkur				
7. bekkur				
8. bekkur				
9. bekkur				
10. bekkur				

9. Eru niðurstöður úr leitun/skimun markvisst kynntar fyrir foreldrum?

	Nemenda sem teljast hafa lestrarerfiðleika	Allra nemenda
Alltaf		
Oft		
Stundum		
Aldrei		

## GREINING Á LESHÖMLUN/DYSLEXÍU HJÁ EINSTÖKUM NEMENDUM

10. Hver/hverjir hafa frumkvæði að einstaklingsgreiningu nemanda?

	Kemur í kjölfar leitar	Umsjónar-kennari	Sérkennari	Aðrir kennarar	Foreldrar	Aðrir
Alltaf						
Oft						
Stundum						
Aldrei						

<sup>2</sup> s.s. atkvæði á mínútu, hlutfall af réttum svörum á prófi.

Ef þú merktir við aðrir – þá

hverjir? \_\_\_\_\_

**11. Eru gerðar einstaklingsgreiningar innan skólans?**

Já  Nei

Ef já; hver gerir þær (starfsheiti)? \_\_\_\_\_

**12. Eru gerðar einstaklingsgreiningar utan skólans en á vegum skólans (skólinn greiðir)?**

Já  Nei

Ef já; hver gerir þær (starfsheiti)? \_\_\_\_\_

**13. Eru gerðar einstaklingsgreiningar að frumkvæði foreldra og utan skólans?**

Já  Nei

Ef já; Tekur skólinn þátt í kostnaði við þær?

Alltaf  Oft  Stundum  Aldrei

**14. Eru niðurstöður greininga kynntar sérstaklega fyrir foreldrum (ef greining var ekki að þeirra frumkvæði)?**

Alltaf  Oft  Stundum  Aldrei

**MÍDLÆG PRÓF**

**15. Nýtir skólinn niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7.bekk til að finna nemendur með lestrarerfiðleika?**

Já  Nei

Ef já, lýstu því hvernig skólinn nýtir sér þær niðurstöður:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**16. Nýtir skólinn niðurstöður úr Læsi sem lagt er fyrir í 2.bekk til að finna nemendur með lestrarerfiðleika?**

Já  Nei

Ef já, hvaða viðmið eru notuð sem grunnur að því að nemandi fái aðstoð?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## ÚRRÆÐI FYRIR NEMENDUR MEÐ LESTRARERFIÐLEIKA

17. Fá eingöngu nemendur með greiningu á leshömlun/dyslexíu sérstaka aðstoð, kennslu eða þjálfun varðandi þá erfiðleika?

Já  Nei

18. Hver ákveður hvaða nemendur fá slíka aðstoð? \_\_\_\_\_

19. Hvaða úrræði eru markvisst notuð fyrir nemendur sem greinast með lestrarerfiðleika / eða sem teljast þurfa á aðstoð að halda?

	Á yngsta stigi	Á miðstigi	Á unglingastigi
Sérkennsla í lestri			
Sérkennsla í öðrum námsgreinum vegna lestrarerfiðleika			
Námstækni			
Stuðningur í prófatöku			
Stuðningur við lestur námsbóka í öðrum greinum			
Aðstoð stuðningsfulltrúa við nám			
Stuðningur við heimanám			
Aðlögun námsefnis: Hljóðbækur			
Aðlögun námsefnis: Tölvutækni			
Fjölbreyttar leiðir við verkefnaskil			
Annað			

Ef þú merktir við annað; útskýrðu hvað: \_\_\_\_\_

Ef hljóðbækur eða tölvutækni er markvisst notuð, lýstu því hvernig nemendur fá leiðsögn eða aðstoð við notkun slíkra hjálpargagna: \_\_\_\_\_

20. Lýstu hvernig sérkennsla í lestri fer fram í skólanum, þar komi t.d. fram hver/hverjir sjá um hana, hvar hún fer fram og er munur eftir aldri nemenda.

---

21. Lýstu því í hverju sérkennsla í lestri felst, þar komi t.d. fram kennsluaðferðir, innihald og áherslur, á mismunandi skólastigum.

---

22. Annað sem þú vilt koma á framfæri sem varðar lestur og lestrarerfiðleika í skólanum: